

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 22/1919:

Ólafur Thors
f. h. hlutafél. »Kveldúlfur«
gegn
Sveini Björnssyni
f. h. H. A. Michelsen.

D ó m u r :

Með dómi, uppkveðum 15. marz þ. á., í sjódómi Reykjavíkur var áfrýjandi þessa máls Ólafur Thors framkvæmdarstjóri fyrir hönd h. f. »Kveldúlfur« dæmdur til að greiða Sveini Björnssyni yfirréttar-málflutningsmanni fyrir hönd firmans H. A. Michelsen í Bergen 3952 kr. 65 aur. með 6% ársvöxtum frá 2. marz f. á. til greiðsludags, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til yfidómsins með stefnu dags. 10. apríl þ. á. og krafist fullrar sýkunar af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir sjódómi og yflrdómi eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þessir. Í ágústmánuði 1915 seldi áfrýjandi fyrir milligöngu manns í Bergen verzlunar-firma þar H. A. Michelsen 3000 tunnur af síld á 31 kr. 20 a. hverja tunnu. Var síldin seld cif Bergen, »on safe arrival« eins og komist er að orði í sölu-reikningnum og skipið Fenris, sem áfrýjandi hafði á leigu, tók hana 11. sept. s. á., á Hjalteyri við Eyja-fjörð til flutnings þangað. Á útsiglingu af Eyjaflrði rakst skipið á Hrólfssker, komst þaðan með aðstoð

björgunarskips fyrst til Hjalteyrar, síðan til Akureyrar; þar var sildarfarmurinn tekinn úr því, og gert að því til bráðabirgða. Að lokinni aðgerðinni tilnefndi vararæðismaður Norðmanna á Akureyri tvo menn til að skoða skipið og gáfu þeir út vottorð um að það væri sjófært til að taka sildarfarm til útlanda. En er farmurinn hafði verið látinn aftur í skipið, krafðist skipshöfnin að $\frac{1}{3}$. hluti hans yrði tekinn á land, með því að skipið væri ofhlaðið og dælnar ekki í lagi, og varð það úr fyrir afskipti ræðismannsins að skipið var affermt 984 sildartunnum, er skipið Vaagen síðar að tilhlutun stefnda flutti til Bergen. Á þessar sildartunnur lagðist aukakostnaður er við niðurjöfnun sjóttjónsins taldist vátryggjendum farmsins óviðkomandi og fékkst eigi endurgoldinn frá þeim, en stefndi telur sig eiga að fá greiddan hjá áfrýjanda. Af kröfum sínum hér að lútaði á hendur áfrýjanda, fékk stefndi sér dæmdar fyrir sjóðóminum 3444 kr. flutningsgjald fyrir sildina með Vaagen, og 508 kr. 65 a. fyrir 16 sildartunnur, er eigi komu fram, en að öðru leyti voru kröfur hans eigi teknar til greina. Hér fyrir réttinum koma því að eins til álita nefndir 2 kröfupóstar.

Áfrýjandi hefir krafist algerðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins. Hann mótmælir kröfum stefnda í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að hann, áfrýjandi, hafi fullnægt sölusamningnum við stefnda með því að leggja til farmrúm handa sildinni og vátryggja hana stefnda kostnaðarlaust. Svo heldur hann því og fram, að ákvæðið

»on safe arrival« í samningnum, merki það, að hann hafi orðið ógildur þegar »Fenris« hlekkist á, og að áfrýjandi hafi þá orðið laus allra mála við stefnda, en stefndi hafi kosið að samningurinn skyldi þó haldast og verði því að líta svo á, að hann hafi tekið við þeim sildartunnum, sem eftir urðu af Fenris, liggjandi á Akureyri, og geti hann þá eigi út af þeim eftir á gert neinar kröfur á hendur áfrýjanda. Ennfremur neitar áfrýjandi því, að kröfur stefnda verði á því bygðar að áfrýjandi var leigjandi skipsins »Fenris«, því að skipið hafi fengið bráðabirgða-aðgerð á Akureyri fullnægjandi til að gera það sjófært með allan síldarfarminn til ákvörðunarstaðarins og fengið vottorð um það, og þó að skipstjórinn fyrir samtök skipshafnarinnar og íhlutun norska ræðismannsins hafi eigi séð sér fært annað en að skilja eftir áminstan hluta farmsins, þá beri áfrýjandi, sem leigjandi skipsins, ekki ábyrgð á gerðum skipstjóra í því efni, en stefndi verði að snúa kröfum sínum á hendur eiganda skipsins, ef skipstjóra hafi yfirsést, eða á hendur váttryggjendum farmsins, því að niðurjöfnun sjódómsins sé eigi fullnaðarúrskurður um það, að framangreindur aukakostnaður sé þeim óviðkomandi.

Stefndi hefir eigi haldið því fram, að áfrýjandi hafi rofið sölusamninginn, og það virðist eigi skifta máli, hvernig ákvæði samningsins »on safe arrival« er skilið, úr því að áfrýjandi hefir eigi notað sér þá heimild, sem að hans ætlun felst í þessu ákvæði.

Eftir skýrslum málsins verður áfrýjandi að telj-

ast hafa verið útgerðarmaður Fenris, og hann tók að sér flutning sildarfarmsins með þessu skipi til Bergen. Þeirri skuldbindingu fullnægði hann eigi að því er kemur til þess hluta farmsins, sem eftir varð á Akureyri, en flutningsgjald fyrir allan farminn var fólgið í kaupverði sildarinnar og áfrýjanda þannig greitt. Þó að það hefði verið fyrir yfirsjón skipstjóra eða skyldubrot — sem eigi virðist hafa verið — að þriðjungur farmsins varð eftir, þá var þetta samkvæmt 12. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóv. 1914 á ábyrgð útgerðarmanns að minsta kosti meðan farmgjaldið hrökk til. Það verður því eigi á það fallist, að stefnda hefði borið að snúa sér að eigendum skipsins um kröfur sínar í þessu máli, né heldur, að hann hefði átt að beina þeim til vátryggjenda farmsins, með því að áfrýjandi heflr ekki sýnt fram á, að niðurlögn sjóttjónsins, sem telur þessar kröfur vátryggjendum óviðkomandi, sé að þessu leyti röng. Þar sem nú áfrýjandi sem útgerðarmaður Fenris tók að sér að flytja umræddar 984 sildartunnur til Bergen, en gerði enga ráðstöfun til að senda þær, eftir að þær urðu eftir af Fenris á Akureyri, en stefndi lét flytja þær á ákvörðunarstað með öðru skipi á sinn kostnað, þá kemst áfrýjandi eigi hjá að endurgjalda stefnda þennan kostnað, og með því að áfrýjandi heflr eigi leitt rök að því, að farmgjaldið fyrir þennan farmhluta, kr. 3.50 fyrir hverja sildartunnu eða alls kr. 3444.00, sé of hátt reiknað, verður að dæma hann til að greiða stefnda þessa upphæð.

Hin upphæðin, sem áfrýjandi hefir með dómnum verið skyldaður til að greiða stefnda kr. 508.65, andvirði fyrir 16 sildartunnur, er eigi komu til skila, var við niðurjöfnum sjódomsins tekin til greina þannig, að hún skyldi lúkast af farmgjaldinu, og virðist þá eiga að dæma áfrýjanda sem leigjanda skipsins og útgerðarmann til að endurgjalda stefnda þessa upphæð.

Úrslit málsins hér fyrir réttinum verða þannig hin sömu og fyrir sjódominum, og með því yfirdómurinn einnig felst á ákvæði dómsins um vexti og málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum, og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Ólafur Thors f. h. h.f. Kveldúlfur greiði stefnda Sveini Björnssyni f. h. H. A. Michelsen 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.